





# UN WOMEN VEITIR VON OG TÆKIFÆRI

UN Women, stofnun Sameinuðu þjóðanna í þágu kvenna og jafnréttis er leiðandi í baráttunni fyrir bættri stöðu kvenna og stúlkna um allan heim. Meginhlutverk UN Women er afnám ofbeldis gegn konum og stúlkum, kvenmiðuð neyðaraðstoð, útrýming fátæktar og að efla pólitíska þátttöku kvenna. Kynjamismunurinn er rótgróinn í öllum samfélögum heimsins. Á hverjum degi þurfa konur að þola ofbeldi og ójöfnuð, skort á atvinnutækifærum og lægri laun en karlmenn, hljóta hvorki menntun né heilbrigðisþjónustu og fá hvorki sæti við samningaborðið né koma að ákvarðanatökum. UN Women vinnur að því að breyta þessu með því að veita tæknilegan og fjárhagslegan stuðning til verkefna sem ætlað er að efla réttindi kvenna, þátttöku þeirra í stjórnámálum, efnahagslegt sjálfstæði og stuðla að afnámi ofbeldis gegn konum og stúlkum. Að sama skapi vinnur UN Women að því að tryggja réttindi

kvenna og stúlkna um allan heim og þrýsta á að aðildarríki SP taki mið af Kvennasáttmála SP (CEDAW) sem og fylgi framkvæmdaáætlun Peking sáttmálans hvað varðar réttindi kvenna og stúlkna.

Höfuðstöðvar UN Women eru í New York en starfsfólk, sjálfbóðaliðar og velunnarar starfa í nærri 150 löndum. Verkefni UN Women eru unnin í samræmi við svæðisbundinn veruleika í Afríku, Asíu og Kyrrahafinu, Suður Ameríku og Karíbaeyjum, Mið- og Austur Evrópu og fyrrverandi Sovétlýðveldum. UN Women á Íslandi er ein af tólf landsnefndum UN Women. Við vinnum að því að vekja athygli almennings á þörfum kvenna í fátækari löndum og starfi UN Women, afla fjár til starfsins og hvetja ríkisstjórnir okkar til að taka þátt í því.



## EFNISYFIRLIT

Útgefandi: UN Women á Íslandi  
Forsíðumynd: UN Women  
Myndir: Anna Maggý, Birta Rán Björgvinsdóttir  
og myndir úr safni UN Women.  
Uppsetning: Litróf - umhverfisvottuð prentsmiðja

Ávarp utanríkisráðherra.....	3	Fjármál.....	14
Ávarp formanns.....	4	Samstarf v/ð utanríkisráðuneytið... ..	15
Fjáröflun.....	5	Overview.....	16
Vitundarvakning.....	8	Við erum UN Women á Íslandi.....	18
Kynningarstarf og fræðsla.....	10		

UN Women á Íslandi • Laugavegi 77, 4. hæð  
101 Reykjavík • Sími 552 6200 • [www.unwomen.is](http://www.unwomen.is)



## ÁVARP UTANRÍKISRÁÐHERRA

Sterk staða Íslands á sviði jafnréttismála felur í sér tækifæri til að vera leiðandi í málaflokknum á alþjóðavettvangi. Því er mikilvægt að Ísland hlúi vel að sínu jafnréttistarfi innanlands og leggi jafnframt sitt af mörkum til að styðja jafnrétti kynjanna á heimsvísu.

Jafnrétti kynjanna og valdefling kvenna er lykilstoð stefnu Íslands í utanríkis- og þróunarmálum. Í þróunarsamvinnu er jafnrétti haft að leiðarljósi í öllum okkar verkefnum og við getum verið stolt af okkar árangri því Ísland situr nú í öðru sæti yfir þau ríki sem verja mestu hlutfalli af framlögum til þróunarsamvinnu í verkefni sem stuðla að jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna, samkvæmt Þróunarnefnd Efnahags og framfarastofnunarinnar (OECD-DAC).

Ísland hefur stutt UN Women frá upphafi og er stuðningur við stofnunina lykilþáttur í alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands. Ísland er meðal þeirra ríkja sem veita hvað hæst framlög til stofnunarinnar og hefur samstarfið snert á mörgum mikilvægum málefnaþáttum, þar með talið ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um konur, frið og öryggi, baráttuna gegn kynbundnu ofbeldi, efnahagslegri valdeflingu kvenna, og aukinni þátttöku karla og drengja í jafnréttismálum.

Ísland er jafnframt í forystuhlutverki í stærsta verkefni UN Women til þessa, verkefni sem ber heitið Kynslóð jafnréttis (e. Generation Equality Forum). Ísland leiðir þar aðgerðabandalag um kynbundið ofbeldi en markmið verkefnisins er að vinna að úrbótum á sviðum þar sem enn hallar á konur og stúlkur í samræmi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Þar tekur Ísland þátt í mótun aðgerðaáætlana gegn kynbundnu ofbeldi á alþjóðavísu.

Kynbundið ofbeldi er eitt útbreiddasta mannréttindabrot í heiminum og því miður hefur heimsfaraldur COVID-19 haft þau áhrif að slík brot hafa aukist verulega. Því er brýnt að eiga alþjóðlegt samtal um heildstæðar aðgerðir í jafnréttismálum og Kynslóð jafnréttis er vettvangur sem býður upp á einstakt tækifæri til að sameina krafta okkar með fjölbreyttum hópi hagaðila til að knýja fram umbreytandi aðgerðir í þágu jafnréttis.

Landsnefnd UN Women á Íslandi hefur unnið gríðarlega öflugt og metnaðarfullt starf og á heiður skilinn fyrir þeirra framlag og árangur, hér á landi og víðar. Verkefni framtíðarinnar eru ærin og munum við halda ótrauð áfram að leggja áherslu á framþróun í jafnréttismálum á alþjóðavettvangi, ekki síst með tilliti til þeirra áhrifa sem heimsfaraldur COVID-19 hefur haft á konur og stúlkur um allan heim.

Með samstilltu alþjóðlegu átaki hafa unnist áfangasigrar í átt að kynjajafnrétti sem mikilvægt er að standa vörð um. Við þurfum einnig að hafa augun opin og gæta þess að ekki verði bakslag í jafnrétti kynjanna á alþjóðavísu.

UN Women leikur lykilhlutverk í því að sjá til þess að svo verði ekki og íslensk stjórnvöld eru stolt af góðu samstarfi við þessa mikilvægu stofnun.

*Guðlaugur Þór Þórðarson,  
utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra*



## ÁVARP FORMANNS

Árið 2020 voru 25 ár liðin frá því að Peking-sáttmálinn var samþykktur auk þess sem við fögnuðum tíu ára afmæli stofnunar UN Women. Árið átti að verða stórt jafnréttisár á heimsvísu og nota átti tímamótin til að þrýsta á ríki heims til að ná settum markmiðum og finna leiðir til þess að takast á við það bakslag sem hafði afhjúpast á undanförunum árum í jafnréttismálum. Vítamínsprauta ársins til þeirra verkefna átti að vera alheimsátak UN Women í samstarfi við stjórnvöld í Mexíkó og Frakklandi; Kynslóð jafnréttis (e. *Generation Equality*). Þá skall á heimsfaraldurinn COVID-19 og var því ákveðið að fresta alheimsátakinu Kynslóð jafnréttis um eitt ár. COVID-19 fylgdi gríðarleg afturför á réttindum og efna-hag kvenna og stúlkna, og síðast en ekki síst skuggafaraldur kynbundins ofbeldis vegna samkomutakmarkana og útgöngubanna á árinu.

Verkefni UN Women á Íslandi voru fjölbreytt á árinu og setti heimsfaraldurinn mark sitt á starfið þar sem ýmsir fastir liðir fóru fram með breyttu sniði eða hreinlega frestuðust. Hin árlega dansbylting Milljarður rís var haldin í Hörpu og víða um landsbyggðina í áttunda sinn í febrúarmánuði áður en samkomutakmarkanir voru settar. Landsnefndin brást hratt við ástandinu og hrinti úr vör fjáröflunarátaki á vormánuðum og kom á framfæri áhrifum COVID-19 á konur ásamt því að safna fjármagni til COVID-19 tengdra aðgerða UN Women. Fokk ofbeldi bolur var kynntur til sögunnar og seldist upp á tveimur sólarhringum, nýr fræðsluvefur og gagnvirk spurningakönnun um loftlagsbreytingar og áhrif þeirra á konur og stúlkur var settur á laggirnar, táknrænar jólagjafir samtakanna seldust vel sérstaklega á rafrænu formi auk þess sem ungmennaráð UN Women og starfskonur héldu úti öflugum kynningarstarfi í grunn- og framhaldsskólum, vinnustöðum og á ýmsum viðburðum. Öflugur hópur götukynna UN Women kynnti starfið og fræddu vegfarendur um málefnið og buðu viðkomandi um leið að gerast ljósberar samtakanna með frábærum árangri. Mikilvægt hlutverk samtakanna er að afla fjár til verkefna UN Women og bættust um 1.500 nýir ljósberar í hópinn. Þess ber að geta að skrifstofa UN Women á Íslandi var flutt um mitt sumar á Laugaveg 77, þar sem samtökin deila skrifstofuhúsnæði með Unicef á Íslandi og Félagi Sameinuðu þjóðanna á Íslandi en saman mynda samtökin Miðstöð Sameinuðu þjóðanna á Íslandi.

Íslensk stjórnvöld hafa frá upphafi stutt við bak UN Women. Það hefur utanríkisráðuneytið gert með fjárhagslegum stuðningi við verkefni, sent starfsfólk á vettvang í samstarfslöndum UN Women og stutt dyggilega við landsnefnd UN Women á Íslandi. Við stöndum í þakkarskuld við utanríkisráðuneytið. Án stuðnings þess værum við ekki í þeirri stöðu að senda fimmta árið í röð hæsta fjárframlag allra landsnefnda UN Women, óháð höfðatölu. En á þessum tíu árum hefur okkur hjá UN Women á Íslandi tekist að sautjánfalda framlag landsnefndarinnar til verkefna UN Women. Þeim árangri ber að fagna.

Þörfin hefur hins vegar aldrei verið meiri en nú. Sértek áhrif COVID-19 á konur og stúlkur hefur ómæld áhrif á líf kvenna í ljósi aukins ofbeldis gegn konum og stúlkum um allan heim. Við þökkum ljósberum UN Women á Íslandi fyrir ómetanlegan stuðning mánaðarlega sem og starfsfólki og stjórn samtakanna. Við horfum björtum augum til framtíðar og gefum allt í botn í baráttunni fyrir bættum hag og velferð kvenna og stúlkna!

*Arna Grímsdóttir,  
formaður stjórnar UN Women á Íslandi*

# FJÁRÖFLUN



Ljósberar UN Women eru bakbein UN Women á Íslandi og eru mánaðarleg framlög tæplega tíu þúsund ljósbera ómetanlegur stuðningur við konur og stúlkur. Framlög frá almenningi, mánaðarleg framlög sem og stakar gjafir, gera UN Women kleift að bæta líf kvenna og fjölskyldna þeirra um allan heim ásamt því að tryggja grundvöll fyrir starfsemi UN Women á Íslandi. Stuðningur almennings er enn sem áður árangursríkasta fjáröflunarleið samtakanna en á árinu safnaðist 90% af framlagi landsnefndarinnar til verkefna með styrkjum frá ljósberum.

Á árinu bættust rúmlega 1.500 styrktaraðilar í hópinn. Ljósberar eru á öllum aldri og búa í öllum landshlutum en þetta árið voru karlar áberandi í hópi nýrra ljósbera, eða 40% þeirra. Mikið kapp var lagt á að starfrækja öflugan fræðsluhóp götukylnna á höfuðborgarsvæðinu og var stærsti hluti nýrra ljósbera með búsetu í Reykjavík eða nágrenni. Götukynningar hafa verið áhrifaríkasta og í senn hagkvæmasta leið UN Women til að ná til nýrra styrktaraðila í áraraddir, en hópurinn leggur sig fram við að eiga upplýsandi samtöl við vegfarendur á fjölförnum stöðum ásamt því að ganga í hús. Ekki var breyting á árangrinum þetta árið en 72% allra nýrra styrktaraðila á árinu skráðu sig í kjölfar samtals við starfsmann fræðsluhópsins á því stutta tímabili í júní og júlí sem landsmenn fengu kærkomið hlé frá heimsfaraldrinum.

Góð samskipti við ljósbera eru forgangsmál hjá UN Women á Íslandi. Ljósberum berast reglulega upplýsingar frá landsnefndinni; hvort sem það er með símtali, tölvupósti eða öðrum leiðum, þar sem þeir eru fræddir um helstu verkefni UN Women, baráttumál samtakanna og mikilvæga áfangasigra. Síðast en ekki síst er þeim þakkað fyrir sinn ríka þátt í baráttunni fyrir bættum hag kvenna og stúlkna.

Til þess að hægt sé að veita stuðning til kvenna þar sem þörfin er mest var 92% af framlögum ársins varið í svokölluð kjarnaframlög. Kjarnaframlög tryggja fjárhagslegan grunn verkefna og eru nýtt til að koma til móts við þarfir kvenna í neyð, svo sem vegna stríðs eða náttúruhamfara. Á árinu var stórum hluta kjarnaframlaga varið í að stemma stigu við sértækum áhrifum COVID-19 á konur og stúlkur. Sem dæmi má nefna stuðning við konur í Beirút í Líbanon sem búa við afleiðingar COVID-19, við djúpstæða efnahagskreppu og ekki síst afleiðingar sprengingar sem lagði borgina í rúst þann 4. ágúst, sem og sérstök sóttvarnaathvörf fyrir þolendur heimilisofbeldis víða um Afríku. Átta prósentum framlaga var síðan varið í verkefni Styrktarsjóðs Sameinuðu þjóðanna til afnáms ofbeldis, en sjóðurinn miðar að því að útrýma hvers kyns ofbeldi gegn konum og stúlkum í náinni samvinnu við grasrótarsamtök kvenna víða um heim.

## **COVID-19 söfnunaráttak**

Frá upphafi faraldursins hefur UN Women á Íslandi lagt mikla áherslu á að mæta skaðlegum afleiðingum COVID-19 á konur. Landsnefndin brást strax við ástandinu og hrinti úr vör átaki á vormánuðum. Með því vildi landsnefndin koma á framfæri þeim sértæku áhrifum sem COVID-19 hefur á konur ásamt því að safna fjármagni til COVID-19 tengdra aðgerða. Í atakinu, sem aðallega fór fram á samfélagsmiðlum, var almenningur hvattur til að styrkja samtökin með því að senda sms-ið KONUR í 1900 eða kaupa sóttvarnapakka fyrir sýrlenskar konur í Zaatari flóttamannabúðunum í Jórdaníu. Síðast en ekki síst stóð UN Women fyrir símaátaki um skuggafaraldur COVID-19 með góðum árangri, en um hundrað einstaklingar skráðu sig sem ljósbera á tímabilinu.

## **Táknrænar gjafir**

UN Women á Íslandi hélt áfram að beina sjónum að versnandi stöðu kvenna í heimsfaraldrinum. Í lok nóvember kynnti UN Women á Íslandi þrjár nýjar táknrænar jólagjafir. Í fyrsta lagi var sóttvarnapakki fyrir Róhingjakonur í flóttamannabúðum í Bangladess kynntur til leiks en pakkinn inniheldur andlitsgrímu, handspritt og sápu. Í öðru lagi sæmdarsett fyrir konur og stúlkur í Beirút í Líbanon með dömubindum, nærbuxum, handklæði og hreinlætisvörum. Þriðja gjöfin var aðgangur að kvennaathvarfi fyrir



## Áhrif COVID-19 á konur

Á meðan áhrif COVID-19 á heimsbyggðina eru auðséð eru áhrifin á konur ekki eins sýnileg. Neyð hefur ólík áhrif á líf kvenna og karlmannna. Það er staðreynd að í neyð sem þessari eru konur berskjaldaðri en nokkru sinni fyrir ofbeldi og því miður fer tilkynningum um heimilisofbeldi fjölgandi með hverjum deginum. Faraldurinn hefur einnig hræðileg áhrif á konur og stúlkur með fötlun sem geta átt í erfiðleikum með að tilkynna ofbeldi og misnotkun. Þá eru einnig aðrir jaðarsettir hópar í hættu svo sem konur í flóttamannabúðum.

Samhliða alvarlegum efnahags- og félagslegum áhrifum COVID-19 heimsfaraldursins og aukinni félagslegri einangrun fólks hefur „skuggafaraldur“ kynbundins ofbeldis farið vaxandi um allan heim. Á heimsvísu hafa yfir 240 milljónir kvenna þurft að þola ofbeldi af hendi nákomnum aðila á síðustu tólf mánuðum. Margar konur og stúlkur eru nú einangraðar og bundnar heima með ofbeldismönnum sínum vegna samkomu- og útgöngubanna. Nýjar úttektir benda til þess að þrjú mánuðir af útgöngubanni þýði að 15 milljónir kvenna og stúlkna til viðbótar verði beittar kynbundnu ofbeldi. Á sama tíma er fjármagni beint frá nauðsynlegri stoðþjónustu á borð við kvennaathvörf og neyðarlínur. Vegna skólalokana fer þvinguðum barnahjónaböndum einnig fjölgandi og vegna áhrifa COVID-19 er reiknað með að á hverju ári verði 200 þúsund fleiri stúlkur limlestar á kynfærum sínum til viðbótar við þær fjórar milljónir sem þegar verða fyrir þessari grófu birtingamynd ofbeldis árlega.

Faraldurinn hefur einnig mun meiri áhrif á lífsviðurværi kvenna en karla og með langvarandi skólalokunum hefur vinnuframlag kvenna tvöfaldast í faraldrinum. Þá eru konur líklegri til að missa vinnuna en karlmenn. Konur sem starfa við takmarkað atvinnuöryggi, svo sem á tímakaupi, í þjónustustörfum og sem heimilishjálpir verða verst úti fjárhagslega sem veldur því að þær geta ekki framfleytt fjölskyldum sínum á þessum erfiðu tímum.

Það er gríðarlega mikilvægt að raddir allra fái að heyrast þegar tekist er á við veirufaraldur. Viðbragðsáætlanir sem taka einungis mið af þörfum afmarkaðra hópa auka aðeins á mismunun og ójöfnuð í samfélögum. UN Women greinir þarfir kvenna og tryggir að viðbragðsaðilar komi til móts við þarfirnar á þeirra eigin forsendum. Á tímum COVID-19 hefur UN Women meðal annars:

- Veitt konum sem beittar eru heimilisofbeldi aðgang að viðeigandi þjónustu, lögreglu, neyðarmóttöku og viðeigandi athvörfum.
- Þrýst á aukin réttindi kvenna á vinnumarkaði svo sem sveigjanlegan vinnutíma vegna veikinda í fjölskyldu, takmarka tekjuskurðingu til dæmis vegna lokana og útgöngubanns.
- Tryggt jaðarsettum hópum kvenna aðgang að nauðsynlegum upplýsingum um faraldurinn, líkt og konum sem búa við fötlun, í dreifbýli og við fátækt.

þolendur ofbeldis í Eþíópíu, en með hverjum keyptum styrk getur ein kona ásamt börnum sínum dvalið í sérstöku sóttvarnaathvarfi þar til niðurstaða fæst úr skimun. Salan gekk vonum framar og keypti almenningur og fyrirtæki hátt í 1.800 jólagjafir að andvirði tæplega sex milljóna króna. Rafræn sala jókst til muna, sökum COVID-19, en nær tveir af hverjum þremur kaupendum völdu að fá gjöfina senda á rafrænan hátt í stað hefðbundins gjafabréfs.

Færst hefur í aukana að landsmenn nýti sér alþjóðlega afsláttardaga til að gera stórinna kaup á Netinu. Stærstu dagarnir eru án efa Black Friday, Cyber Monday og Singles Day. Landsnefnd UN Women lét ekki sitt eftir liggja og efndi til vitundarvakningarátaks um aðbúnað kvenna í fataiðnaðinum og hvatti á sama tíma fólk til að styðja frekar við samtökin. Var almenningi boðið að „jafna sig“ eftir innkaupin með því að kaupa táknræna gjöf; fræðslu- styrk UN Women sem miðar að því að bæta starfsumhverfi kvenna sem búa til fötin okkar.

Fataiðnaðurinn hefur lengi verið gagnrýndur fyrir meðferð sína á vinnu- aflri en verksmiðjurnar eru gjarnan illa búnar, starfsumhverfið hættulegt, vinnudagar langir og laun takmörkuð. Konur eru 80% þeirra sem starfa innan fataiðnaðarins.

UN Women vinnur náið með fataframleiðendum og verksmiðjum um allan heim að því að bæta starfsumhverfi og auka framtíðarmöguleika kvenna sem starfa innan atvinnugreinarinnar. Á vegum UN Women hljóta konur í fataiðnaðinum starfsþjálfun sem eykur möguleika þeirra á því að vinna sig upp í starfi. Þá vinnur UN Women að því að fræða konur um réttindi sín á vinnumarkaði og tryggja þeim matarhlé, salernispásur og mannsæmandi laun.

## FO-bolurinn

Frá árinu 2016 hefur UN Women á Íslandi selt FO húfur með góðum árangri og allur ágóði þeirra farið í verkefni til afnáms kynbundins ofbeldis. Þann 3. september hófst Fokk ofbeldi herferð ársins en í þetta sinn var brugðið út frá vananum og nýr bolur kynntur til leiks. FO bolurinn var rjómaliðaður í oversized



sniði úr mjúkri bómull. Framan á var ljósmynd eftir ljósmyndarann Önnu Maggý sem sýndi FO á táknmáli, túlkað af Aldísi A. Hamilton. Aftan var á frumsamið ljóð eftir GDRN um baráttuna gegn kynbundnu ofbeldi. Viðtökurnar voru vægast sagt jákvæðar en hann seldist upp á rúmum tveimur sólarhringjum, en bolurinn var framleiddur í takmörkuðu upplagi. Söfnuðust 12 milljónir króna sem runnu til verkefna UN Women í Líbanon.

Konur og stúlkur í Líbanon eru sérstaklega berskjaldaðar fyrir kynbundnu ofbeldi. Sprengingarinn í Líbanon þann 4. ágúst 2020, COVID-19 faraldurinn og djúpstæð efnahagskreppa veikja einnig stöðu kvenna og stúlkna þar í landi. Með söfnunarfénu var hægt að setja á

lagginnar neyðarlínu fyrir þolendur kynbundins ofbeldis og öruggt athvarf fyrir konur sem hafa þurft að þola margþætta mismunun vegna aldurs, fötlunar eða kynhneigðar. Í athvarfinu fá þær sálræna aðstoð og viðeigandi þjónustu sem gerir þeim kleift að koma undir sig fótunum á ný. Vodafone var bakhjarl átaksins, kostaði framleiðslu á FO bolnum og gerði þannig landsnefndinni kleift að senda allan ágóða sölnunnar til UN Women í Líbanon.

### Stuðningur úr ýmsum áttum

Landsnefndinni bárust ýmsir styrkir úr fjölbreyttum áttum á árinu. Í tilefni af Hönnunarmars bjó Hildur Yeoman fatahönnuður til svokallaða djammtoppa úr afgangsefni sem féll til við framleiðslu og seldi til styrktar UN Women í verslun sinni Yeoman á Skólavörðustíg. Með þessu framtaki vildi Hildur bæði styrkja gott málefni og stuðla að sjálfbærri framleiðslu með því að nýta afgangana sem best. Á Instagramsíðu verslunar sinnar óskaði Hildur eftir tilögum að málstað til að styrkja í tilefni af Hönnunarmars og fékk ýmsar uppástungur og varð UN Women fyrir valinu og baráttan gegn COVID-19 veirunni í flóttamannabúðum víða um heim. Óhætt er að segja að topparnir hafi slegið í gegn en þeir seldust upp og heilar 400.000 krónur söfnuðust í átakanu.

Kvennahlaup ÍSÍ fór fram þann 13. júní. Fóru Sjóvá þá leið að styrkja UN

Women á Íslandi í stað þess að gefa þáttkakendum hlaupsins buff eins og hefð hefur verið fyrir. Nam styrkurinn til UN Women 800 þúsund krónum og rann til verkefna UN Women sem bregðast við neyð kvenna og stúlkna í kjölfar COVID-19 heimsfaraldursins.

Anna Steinsen, tómstunda- og félagsmálafræðingur, gaf út bókina *Ofurhetjur í einn dag* í lok árs 2019. „Mér datt því í hug að skrifa þessa bók og gefa allan ágóða til þeirra sem þurfa hvað mest á því að halda,“ segir Anna Steinsen um bókina sem fjallar um samkennd og vináttu en markmið hennar er að valdefla ungar stúlkur.

Bókin seldist vel á árinu og söfnuðust rúmlega 500 þúsund krónur til verkefna UN Women.



Þess ber að geta að Rafiðnaðarsamband Íslands er bakhjarl UN Women á Íslandi til fjögurra ára.

### UN Women hlaut TAKK viðurkenninguna 2020



TAKK er hluti af Miðlun ehf. og sinnir fjölbreyttum verkefnum fyrir félagasamtök. Stúlka ekki brúður var yfirskrift landsöfnunar UN Women á Íslandi þar sem hápunkturinn var söfnunarpáttur á RÚV þann 1. nóvember 2019. Var íslenska landsnefndin sú fyrsta af 12 landsnefndum UN Women á heimsvísu til að framleiða fjáröflunarpátt og ruddi þar með brautina fyrir aðrar skrifstofur stofnunarinnar á heimsvísu.

Í apríl hlaut Landsöfnun UN Women - Stúlka ekki brúður „TAKK“ viðurkenninguna“ fyrir framúrskarandi fjáröflun á árinu 2019.

Í umsögnum dómnefndar um verkefnið sagði meðal annars:

„Félagið náði listavel að sameina vitundaáttak og fjáröflun með því að setja fram brýnt viðfangsefni sem á sér samt flóknar leiðir til úrlausnar á þann hátt að það náði til fólks og hreyfði við því.“

Dómnefndina skipuðu Hildur Bjarnadóttir verkefnastjóri hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg, Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir talskona Stígamóta, Stefán Ingi Stefánsson fjáröflunarstjóri UNICEF í Rómönsku-Ameríku og Karíbahafinu og Andri Árnason framkvæmdastjóri Takk/Miðlunar ehf. Einnig voru Bleika slaufa Krabbameinsfélagsins sem og Sannar gjafir UNICEF á Íslandi tilnefnd til viðurkenningarinnar.

# VITUNDARVAKNING

Eitt af meginmarkmiðum starfs UN Women á Íslandi er að fræða og vekja almenn- ing til vitundar um verkefni stofnunarinnar. Einnig um mikilvægi þess að halda kyndli jafnréttis á lofti, valdefla konur og stúlkur og styrkja stöðu þeirra á öllum sviðum samfélagsins. Þetta framkvæmir UN Women á Íslandi m.a. með því að standa fyrir viðburðum, kynningum og átaksherferðum.

## Milljarður rís 2020

Dansbyltingin *Milljarður rís* átti að fara fram 14. febrúar en fresta þurfti dans- inum til 17. febrúar vegna ofsaveðurs í Reykjavík. Var þetta í áttunda skipti sem UN Women á Íslandi stendur að fram- kvæmd þessa viðburðar. Dansað gegn stafrænu ofbeldi var þema byltingar- innar í ár. Baráttukonan Sólborg Guðbrandsdóttir ritstýra Fávita setti við- burðinn með öfluglu erindi um ofbeldi á stafrænum miðlum og mikilvægi þess að ná utan um þennan vanda og hvernig spornað verði við þessari tegund af ofbeldi. Að venju spilaði DJ Margeir fyrir dansi og fékk til liðs við sig glæsilegan hóp tónlistarfólks á borð við Elísabetu Ormslev, Sigríði Thorlacius, Töru Mobee og Dísu. Aðgerðasinninn og leikskáldið Eva Ensler hafði frum- kvæði að því að skipuleggja fyrsta við- burðinn af þessum toga með það fyrir augum að vekja athygli á kynbundnu ofbeldi og ekki síður til að mótmæla því að sök sé kvenna að bera.

## Konur og loftlagsbreytingar

Fyrir tilstilli styrks úr Loftlagssjóði var settur í loftið nýr fræðsluvefur og gagnvirk spurningakönnun um

loftlagsbreytingar og áhrif þeirra á konur og stúlkur. Í könnun þessari geta þátttakendur kannað þekkingu sína á málaflokknum. Baráttan gegn loftlagsbreytingum er nátengd og í raun órjúfanleg baráttunni fyrir jafnrétti og bættari stöðu kvenna. Fyrir liggur að íbúar fátækari ríkja eru berskjaldaðri fyrir áhrifum af loftlagsbreytingum og eru þar konur fremstar í flokki, sér í lagi konur sem búa í dreifðari byggðum efnaminni svæða.

Breyting á loftslagi hefur víða þau áhrif að magn og gæði náttúruauðlinda og landsvæða rýrna og um leið eykst sam- keppni og barátta um nýtingarrétt. Af þessum sökum aukast átök, en talið er að aldrei hafi jafn margar mann- eskjur verið á flóttu en um 80 milljónir höfðu flúið heimili sín árið 2020. Þar af hefur mikill meirihluti flúið vegna náttúruhamfara, fæðuskorts og hun- gurs. Konur eru 70% af þeim sem búa við sárafátækt í heiminum og í úttektum og rannsóknum á vegum UN Women kemur meðal annars fram að ein af hverjum fimm konum á flóttu hafa þurft að þola kynferðisofbeldi, konur eru allt að fjórtán sinnum líklegri til að deyja af völdum náttúruhamfara en karlar,



stúlkur á hamfarasvæðum eru rúmlega helmingi líklegri til að detta úr námi og enn eru 32 milljónir ekki í skóla auk þess sem konur er yfirleitt haldið utan við ákvarðanatökur í neyð.

## Er friðurinn úti?

Að venju fóru friðardagar fram í október en að þeim standa Höfði friðarsetur Reykjavíkurborgar og Háskóli Íslands. Í ár efndu þau til samstarfs við UN Women á Íslandi, Unicef á Íslandi, Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi og utanríkisráðuneytið. Yfirskrift friðard- aganna í ár var *Er friðurinn úti?* og var fjallað um hvernig Ísland getur gert enn betur þegar kemur að ófriði í íslensku samfélagi og um leið verið öflugri málsvari á alþjóðavettvangi á sviði mannréttinda og friðar. Af þessu tilefni ákvað vettvangurinn að gera hlaðvarpsseríu undir yfirskriftinni *Er friðurinn úti?*



# UN WOMEN ÍSLAND



Starfskonur UN Women gerðu einn fjögurra þátta þar sem sjónum var beint að kynbundu ofbeldi. Phumzile Mlambo Ngcuka, framkvæmdastýra UN Women ritaði greinina *Ófriðurinn heima* sem birt var í Kjarnanum og á heimasíðu *Höfða friðarseturs*. Megininntak greinarinnar var að varpa ljósi á að samhliða alvarlegum efnahags- og félagslegum áhrifum COVID-19 heimsfaraldursins og aukinni félagslegri einangrun fólks hefur „skuggafaraldur“ kynbundins ofbeldis farið vaxandi um gjörvallan heim. Svo lengi sem að kynbundið ofbeldi á sér stað fyrir luktum dyrum á heimilum er ekki hægt að segja að friður ríki í þeim samfélögum. Í þætti UN Women á Íslandi var rætt við Unni Valdimarsdóttir og Örnú Hauksdóttur um fyrstu niðurstöður rannsóknarinnar Áfallasaga kvenna, Drífu Jónasdóttur afbrotafræðing og sérfræðing hjá Kvennaathvarfinu og Stella Samúelsdóttur framkvæmdastýru UN Women á Íslandi.

## Hvatningarverðlaun jafnréttismála

Hvatningarverðlaun jafnréttismála voru veitt í sjöunda sinn á rafrænum viðburði. Markmiðið með verðlaunum þessum er að vekja athygli á fyrirtækjum sem sett hafa ríka áherslu á jafnréttismál og eins að hvetja önnur fyrirtæki til eftirbreytni. Ásamt UN Women á Íslandi standa atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Samtök atvinnulífsins, Festa – miðstöð um samfélagsábyrgð og Háskóli Íslands að verðlauninum. Fyrirtækið Sjóvá

hlaut verðlaunin í ár en einnig hlaut Pink Iceland sérstök Sprotaverðlaun. Það var í höndum Þórdísar Kolbrúnar Reykfjörð Gylfadóttur ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra að afhenda verðlaunin. Mörg góð framfaraskref hafa verið tekin í íslensku atvinnulífi í þágu jafnréttismála undanfarin ár. Hefur UN Women á Íslandi þar af leiðandi tekið þá ákvörðun um að draga sig úr samstarfi þessu og afhenda Samtökum atvinnulífsins og Háskóla Íslands framkvæmd að fullu.



# KYNNINGARSTARF OG FRÆÐSLA

Kynningarvið UN Women á Íslandi og ungmennaráð samtakanna sinna mikilvægu kynningarstarfi innan fyrirtækja, stofnana, skóla og á hinum ýmsu viðburðum um málefni sem snerta konur, jafnrétti, réttindabaráttu og stöðu kvenna og stúlkna um allan heim. UN Women á Íslandi heldur úti Facebook síðu þar sem yfir 23 þúsund fylgjendur er að finna, Instagram- og Twitter síður, heimasíðuna unwomen.is auk þess sem UN Women á Íslandi vekur athygli á málefnum samtakanna reglulega með greinaskrifum og umfjöllunum í fjölmiðlum.

Starfskonur UN Women kynntu starf UN Women og fjölluðu um málefni stofnunarinnar víða t.a.m. í Háskóla Íslands við mann- og þróunarfræðideild sem og í lýðheilsuvísindum auk þess að halda kynningu í lögfræðiafanga í Háskólanum í Reykjavík um þvinguð barnahjónabönd og áhrif þess skaðlega síðar á líf kvenna. Starfskonur samtakanna héldu margvísleg erindi og tóku þátt í ýmsum viðburðum; voru þátttakendur í pallborðsumræðum á Reykjavík Feminist Film Festival,

héldu erindi á viðburði Nordic Women Mediators í tilefni af 20 ára afmæli ályktunar öryggisráðs SP númer 1325 um konur, frið og öryggi, voru með viðburð og kynningu á Kynjapingi Kvenréttindafélagsins um konur og loftslagsbreytingar, héldu kynningu fyrir starfsfólk Advania og fleira. Árlegur landsnefndafundur UN Women og höfuðstöðva var vegna faraldursins haldinn með fjarfundarbúnaði sem gerði öllum starfskonum UN Women á Íslandi kleift að sækja fundinn, skiptast á hugmyndum um leiðir til vitundarvakningar og fjáröflunar.

## **64. kvennanefndarfundurinn með öðru sniði**

Vegna hraðrar útbreiðslu COVID-19 veirunnar um miðjan marsmánuð var Kvennanefndarfundur Sameinuðu þjóðanna (CSW64) haldinn í New York með óvenjulegu sniði. Rétt áður en aðgerðasinnar, stjórnmalafólk, fémínistar og sendinefndir heimsins lögðu af stað á fundinn í New York breiddist COVID-19 hratt út um heiminn og var fundurinn smækkaður

í sniðum með örfárra daga fyrirvara. Eingöngu fastanefndir ríkjanna ásamt kvennasamtökum staðsettum í New York tóku þátt á fundinum. Þema hans þetta árið var stöðumat á réttindum kvenna 25 árum eftir samþykkt Peking-sáttmálans. Vanalega er gefin út pólitísk yfirlýsing í lok fundar en þetta árið lá fyrir samkvæmt úttektum á stöðu kvenna og stúlka að markmiðum Peking-sáttmálans hafði ekki verið náð og að heimsmarkmiðunum, allra síst því fimmta sem snýr að jafnrétti kynja, yrði ekki náð ef hraði framfara héldist óbreyttur.

## **Stöðumat á réttindum kvenna**

Í upphafi marsmánaðar í tilefni af kvennanefndarfundinum gaf UN Women út skýrsluna „Stöðumat á réttindum kvenna 25 árum eftir Peking“ (e. *Women's Rights in Review 25 years after Beijing*). Um ræðir yfirgrípsmikla úttekt á framkvæmdaáætlun Peking sáttmálans sem samþykktur var á kvennaráðstefnu SP í Peking 1995.

Skýrslan er gefin út í tilefni af því að 25 ár eru liðin frá því að þessi merkilega

## **UNGMENNARÁÐ UN WOMEN**

Öflugt ungmennaráð samtakanna samanstendur af sex ungum konum með brennandi áhuga á málefnum samtakanna. Ungmennaráðið hefur að markmiði að styðja við starf UN Women á Íslandi, afla fjár til verkefna UN Women en fyrst fremst vekja ungt fólk til vitundar um jafnréttismál, þróunarsamvinnu og fjölbreytt hlutverk UN Women með öflugum kynningarstarfi í grunn- og framhaldsskólum landsins. Þrátt fyrir samkomutakmarkanir vegna heimsfaraldursins snéri öflugt ungmennaráð samtakanna þeirri áskorun í tækifæri og hélt um sjötíu fjarkynningar í grunn- og framhaldsskólum landsins. Einnig var ákveðið að setja á laggirnar fræðsluhóp sem samanstendur af fimm ungum karlmönnum með það að markmiði að hver skólakynning Ungmennráðsins sé flutt af bæði stelpu og stráki. Ungmennaráðið hrinti einnig af stað verkefnum Femínistar tala á Instagram síðu ráðsins þar sem tveir þekktir einstaklingar í mánuði tóku yfir Instagram síðu þess, fjölluðu um sinn fémínisma og svöruðu spurningum. Ungmennaráðið náði að halda einn samkomuviðburð áður en samkomutakmarkanir voru settar á og hélt



vel sóttu ræðukeppni í Stúdentakjallaranum í tilefni af jafnréttisdögum Háskóla Íslands í upphafi febrúarmánaðar. Þar kepptust liðin um að sannfæra áhorfendur og tala annað hvort með eða á móti staðhæfingunni „fémínistar þola ekki karlmenn“ við góðar undirtektir. Ungmennaráðið var stofnað í september 2012 og hafa öll ungmenni 16 - 30 ára kost á að taka þátt í starfinu.

12 liða aðgerðaáætlun til að bæta stöðu kvenna í heiminum var samþykkt. Niðurstöður skýrslunnar gefa til kynna að markmiðum sáttmálans hafði ekki verið náð og svo virðist sem heimsmarkmiðum Sameinuðu Þjóðanna verði ekki heldur náð ef hraði framfara í þágu kynjajafnréttis og réttinda kvenna helst óbreyttur. Samkvæmt skýrslunni hafa vissulega orðið framfarir á réttindum kvenna og stúlkna. Til dæmis hefur tillendum mæðradauða fækkað um 38% síðan árið 2000. Alls hefur 131 land gert lagalegar umbætur til að stuðla frekar að kynjajafnrétti. Í dag eru lög varðandi heimilisofbeldi til staðar í yfir 75% ríkja heimsins. Fleiri stúlkur ganga í skóla en nokkru sinni fyrr og fjöldi þingkvenna á heimsvísu hefur tvöfaldast. Hinsvegar hafa framfarir á réttindum kvenna verið alltof hægar og eru þau réttindi sem hart hefur verið barist fyrir í bráðri hættu. En 32 milljónir stúlkna eru enn ekki í skóla, atvinnuþátttaka kvenna á heimsvísu hefur staðið í stað, í 31% undanfarin 20 ár. Innan við tveir þriðju kvenna á aldrinum 25-54 ára eru þátttakendur á vinnumarkaði, í samanburði við 93% karlmenn á sama aldri. Ekkert hefur dregið úr ofbeldi gegn konum og stúlkum. Ein af hverjum fimm konum (18%) kvenna í heiminum hefur verið beitt ofbeldi af hendi nánnum fjölskyldumeðlimi á síðastliðnu ári og stafrænt ofbeldi er ný ógn sem lög og reglur ná ekki yfir. Enn hafa konur mun minni völd en karlmenn og helst það óbreytt. Karlmenn eru enn 75% þeirra sem eiga þingsæti í heiminum, 73% þeirra sem sinna stjórnunarstöðum og 70% þeirra sem sitja enn við samningaborðið í loftslagsmálum. Einnig eru friðarviðræður í heiminum nánast eingöngu leiddar af karlmönnum. Þess ber að geta að skýrslan kom út í upphafi árs 2020 og ljóst er að mikil afturför hefur orðið á réttindum og stöðu kvenna í kjölfar heimsfaraldurs COVID-19.

### 20 ára afmæli 1325

Við fögnuðum, þann 29. október 2020, byltingarkenndu skrefi sem stigið var fyrir 20 árum þegar öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykkti ályktun númer 1325 sem varðar konur, frið og öryggi. Þar með viðurkenndi

## UN WOMEN 10 ÁRA



Þann 2. júlí 2020 voru tíu ár liðin frá því að stofnunin UN Women var sett á laggirnar og sú sögulega pólitíska viljayfirlýsing aðildarríkja SP um að jafna hlut kynja og útrýma kynbundnu ofbeldi átti sér stað. Þar með var málefnum er varða jafnrétti og bættu stöðu kvenna og stúlkna skipuð stærri sess í alþjóðasamfélaginu og hlaut loks viðurkenningu meðal annars með auknu fjármagni í málaflokkinn. Ísland var eitt þeirra ríkja sem fór þar fremst í flokki.

Þrátt fyrir að vera ung og lítil stofnun í samanburði við aðrar alþjóðastofnanir, hefur UN Women áunnist gríðarlegt afrek við að bæta stöðu, réttindi og lífsgæði kvenna og stúlkna. Líkt og þegar allsherjarþing SP ályktaði að limlestingar á kynfærum kvenna væru mannréttindabrot og að öll lönd skyldu herða löggjöf sem varða glæpinn árið 2012, bann við limlestingu á kynfærum kvenna var fært í lög í Gambíu árið 2015 en sama ár voru kvennamorð gerð refsiverð í Brasilíu. Bann hefur verið fært í lög við þvinguðum barnahjónaböndum Zimbabwe og Malaví auk þess sem Alþjóðaglæpadómstóllinn dæmdi í fyrsta sinn manneskju á forsendum kynferðisofbeldisbrota þegar fyrrum varaforseti Mið-Afríkúlýðveldisins var dæmdur í 16 ára fangelsi fyrir stríðsglæpi, m.a. fyrir að hafa beitt nauðgunum sem stríðsvopni. Svokölluð „nauðgunarlög“ voru afnumin í Líbanon, Túnis og Jórdaníu sem gerðu nauðgurum áður kleift að komast hjá því að verða sóttir til saka með því að giftast þolendum sínum og svo mætti lengi telja. Við hjá UN Women vinnum að því að breyta þessu með því að veita tæknilegan og fjárhagslegan stuðning til verkefna sem efla réttindi kvenna, þátttöku þeirra í stjórnámálum, efnahagslegt sjálfstæði og stuðla að afnámi ofbeldis gegn konum og stúlkum með fræðslu að vopni og að útvega berskjölduðum konum á flóttu og í neyð verkfæri í formi sjálfstyrkingar, öryggis, hagnýts náms og atvinnutækifæra með sjálfbærni að leiðarljósi í takt við heimsmarkmiðin.

alþjóðasamfélagið að stríðsátök hefðu sértæk áhrif á konur, mikilvægi þess að konur tækju jafnan þátt í friðarumleitunum, gerð friðarsamninga og að konur væru mikilvægir þátttakendur í að koma í veg fyrir átök. Síðan þá hefur öryggisráðið samþykkt níu ályktanir til viðbótar beintengdar efni ályktunarinnar. Þar er meðal annars tekist á við brot eins og kynferðisofbeldi sem beitt hefur verið sem vopni í stríði sem og að setja þátttöku kvenna í friðarumleitunum á dagskrá.


En þetta gerðist ekki að sjálfu sér, líkt og á við um allt í réttindabaráttu kvenna. Öryggisráðið var undir gífurlegum þrýstingi frá kvennasamtökum um allan heim áður en ályktunin var samþykkt. Eins hafði máttur og þrýstingur kvenna sem sótt höfðu kvennaráðstefnuna í Peking aðeins fimm árum áður, óumdeilanleg áhrif á öryggisráðið. Tuttugu árum síðar búa tveir milljarðar manna við ófrið og átök í stríðshrjáðum löndum. Þegar rýnt er í þátttöku kvenna í friðarumleitunum á undanförunum tuttugu árum má sjá að enn eru konur í miklum minnihluta í friðarviðræðum og fá enn ekki sæti við samningaborðin.

- Aðeins 1 af hverjum 5 friðarsamningum sem undirritaðir voru frá 2015 – 2018 kváðu á um að taka mið af þörfum kvenna.
- Konur voru aðeins 6% sátta-  
semjara og samningsaðila í friðarviðræðum árin 1992-2019
- Konur voru aðeins 13% viðsemjenda á sama tímabili.

Framfarir eru alltof hægar þrátt fyrir að rannsóknir sýni fram á að þegar konur taka þátt í samningarviðræðum um frið, endist friðurinn að meðaltali 15 árum lengur. Jafnvel nú á tímum heimsfaraldrar eru konur að vinna baki brotnu við að halda friðinn, þrátt fyrir að búa margar við ófrið inn á eigin heimilum. Spár UN Women sýna að þrír mánuðir af útgöngubanni þýði að 15 milljónir kvenna og stúlkna til viðbótar verði beittar kynbundnu ofbeldi.



Þessar hægu framfarir, bakslagið og aðförin að réttindum kvenna á öllum sviðum, sem á sér stað um þessar mundir sýna okkur enn á ný, að baráttan fyrir bættum hag og auknum réttindum kvenna er hvergi nærri lokið. Aðkoma kvenna að friðarviðræðum og friðarumleitunum er grundvallarforsenda þess að halda friðinn. Konur eru því enn nánast ósýnilegar á þessu karllægasta sviði ákvarðanatoka á heimsvísu.





# KYNSLÓÐ JAFNRÉTTIS

Kynslóð jafnréttis (e. *Generation Equality*) er alheimsátak sem ýtt var úr vör af UN Women í tilefni 25 ára afmælis fjórðu ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna í Peking og samþykktar framkvæmdaáætlunar um jafnréttismál (Pekingáætlunin). UN Women efnir til átaksins í samstarfi við ríkisstjórnir Mexíkó og Frakklands. Markmið átaksins er að vinna að úrbótum á sviðum þar sem enn hallar á konur og stúlkur um fimm árum eftir að ríki heims komu sér saman um sautján heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Í ljós hefur komið að heimsmarkmið 5 um jafnrétti kynjanna, er það markmið sem aðildarríki Sameinuðu þjóðanna eiga lengst í land með. Ljóst þykir að heimsfaraldurinn COVID-19 hafi hægt enn frekar á vinnu aðildarríkjanna að því að ná fimmta markmiðinu því nú þegar má merkja bakslag í jafnréttismálum þar sem tilkynningum um kynbundð ofbeldi gegn konum hefur fjölgað gríðarlega síðan heimsfaraldurinn braust út.

Átakinu *Kynslóð jafnréttis* er hleypt af stokkunum í Mexíkó í mars 2021 og er markmið fundarins að kynna afurðir sex aðgerðabandalaga *Kynslóðar jafnréttis* og kalla eftir bráðum aðgerðum til framkvæmdar og fjármagni, þróa marghliða feminíska dagskrá til að skerpa á framtíðarsýn *Generation Equality Forum* sem haldinn er í París árið 2021 og samþætta fjölbjöldlegt bandalag ríkja til að stuðla að jafnréttisáætlun í öllum ríkjum. Á ráðstefnunni fara fram umræður sem fjalla um skipulegar og kerfislegar hindranir sem koma í veg fyrir raunverulegt jafnrétti kynja og mannréttindi kvenna og stúlkna og felur ráðstefnan í sér raunverulegt tækifæri til að stuðla að fullri framkvæmd Peking áætlunarinnar. Síðast en ekki síst er markmið átaksins að styrkja rödd feminískra ungmenna- og kvennasamtaka og kvannahreyfinga um allan heim

og eiga samtal við mismunandi hagaðila frá aðildarríkjum, einkageiranum og alþjóðastofnunum. Þetta alheimsátak UN Women felur í sér sex aðgerðabandalög *Kynslóðar jafnréttis* (e. *Action Coalitions of Generation Equality*) en hvert og eitt aðgerðabandalag hefur þróað markmið til næstu fimm ára. Aðgerðabandalögin eru:

- 1. Aðgerðabandalag gegn kynbundnu ofbeldi** (e. *Gender-based Violence*)
- 2. Aðgerðabandalag um efnahagsleg réttindi og réttlæti** (e. *Economic justice and rights*)
- 3. Aðgerðabandalag um líkamlegt sjálfræði og kyn- og frjósemisréttindi (SRHR)** (e. *Bodily autonomy and sexual and reproductive health and rights*)
- 4. Aðgerðabandalag um feminískar aðgerðir gegn loftslagsbreytingum** (e. *Feminist action for climate justice*)
- 5. Aðgerðabandalag um tækni og nýsköpun í þágu jafnrétti kynja** (e. *Technology and innovation for Gender Equality*)
- 6. Aðgerðabandalag um feminískar hreyfingar og forystu** (e. *Feminist movements and leadership*)

Ísland er meðal forysturíkja átaksins og var valið til að leiða aðgerðabandalagið um aðgerðir gegn kynbundnu ofbeldi ásamt Bretlandi, Kenýa og Úrúgvæ. Fjögur markmið aðgerðabandalags gegn kynbundnu ofbeldi verða kynnt árið 2021. Tvær starfskonur UN Women á Íslandi eru áheyrnarfulltrúar Stýrihóps íslenskra stjórnvalda sem vinnur að samþættingu aðgerða og fer fyrir málflutningi íslenskra stjórnvalda.

# FJÁRMÁL



Á árinu 2020 jukust tekjur UN Women á Íslandi um 2% milli ára og numu rúmlega 230 m.kr. Framlög ljósbera, mánaðarlegra styrktaraðila samtakanna, voru líkt og síðastliðin ár helsta fjáröflunarleið samtakanna og jukust þau um 21% á milli ára og námu rúmum 182 m.kr. Annað söfnunarfé frá einstaklingum og fyrirtækjum svo sem vegna sölu á varningi nam 21.205.791 kr. Rekstrartekjur til fjáröflunar og kynningarmála sem og aðrir styrkir voru rúmar 48 m.kr.

Að vanda voru það ljósberar UN Women á Íslandi sem skipuðu lykilsess í fjáröflun samtakanna árið 2020 en yfir 90% af framlagi UN Women á Íslandi til verkefna UN Women á heimsvísu kom frá ljósberum. Það var ómetanlegt að finna hvernig stuðningur ljósbera hélst á árinu þrátt fyrir mikla óvissu á COVID tímum á sama tíma og stuðningur frá fyrirtækjum og hinu opinbera minnkaði talsvert. Kostnaður við fjáröflun, fræðslu- og kynningastarf var 93.145.190 m.kr. sem var 10% lækkun frá árinu áður.

Framlag UN Women á Íslandi til alþjóðlegra verkefna UN Women fyrir árið 2020 nam tæplega 136 m.kr. og jókst um tæpar 9 m.kr. frá árinu 2019 eða um 7%. Þess má geta að 35% kjarnaframlaga til UN Women frá 12 landsnefndum komu frá þeirri íslensku. Framlöggin gerðu UN Women kleift að styðja við verkefni sem voru mest aðkallandi á árinu og var því sérstök áhersla lögð á að bæta stöðu kvenna og stúlkna víða um heim. Sérstök áhersla var lögð á að bregðast við COVID-19 faraldrinum og áhrifunum sem hann hefur haft á

konur og stúlkur og þá sérstaklega „Skuggafaraldur“ kynbundins ofbeldis sem og að styðja við konur í neyð m.a. í Líbanon. Einnig var áfram stutt við Styrktarsjóð Sameinuðu þjóðanna til afnáms ofbeldis gegn konum líkt og fyrri ár. Vegna framlaga og styrkja frá fyrirtækjum og opinberum stofnunum til reksturs, fjáröflunar og kynningarstarfs var mögulegt að senda 67% af öllu söfnunarféi samtakanna til alþjóðlegra verkefna UN Women. Söfnunarfé UN Women á Íslandi var varið þannig að af hverjum 100 krónum sem gefnar voru til samtakanna fóru rúmar 30 krónur í fræðslu og að afla næstu 100 króna til þess að valdefla enn fleiri konur og stúlkur í erfiðri stöðu, á heimsvísu, en tæplega 3 krónur í rekstar- og stjórnunarkostnað.

Stefnt er að því að á árinu 2021 muni að minnsta kosti 70-75% af öllu söfnunarfé samtakanna renna til verkefna stofnunarinnar.

Tekjur UN Women á Íslandi af samstarfssamningi við utanríkisráðuneytið lækkuðu úr 13 m.kr í 10 m.kr. og var þetta síðasta árið þar sem rammisamningur var í gildi á milli ráðuneytisins og UN Women á Íslandi. Samningurinn hefur haft í för með sér samstarf beggja aðila á ýmsum sviðum og verið ómetanlegur við að halda úti kynningarstarfi UN Women á Íslandi. Aðrir rekstrarstyrkir til landsnefndarinnar námu rúmlega 17 m.kr. og greiddu félagsmenn þar af tæplega 900 þ.kr. í félagsgjöld.

## HELSTU TEKJUR OG GJÖLD

### TEKJUR

Söfnunarfé Ljósbera til verkefna UN Women	182.028.719
Annað söfnunarfé til verkefna UN Women	21.205.791
Félagsgjöld	866.100
Samstarfssamningur við utanríkisráðuneytið	10.000.000
Styrkir til fjáröflunar- og kynningarstarfs á Íslandi	16.395.318
<b>SAMTALS</b>	<b>230.495.928</b>

### ÚTGJÖLD

Kostnaður við fjáröflun	49.535.709
Kostnaður við fræðslu- og kynningarstarf	17.787.375
Annar rekstrar- og stjórnunarkostnaður	25.822.106
<b>SAMTALS</b>	<b>93.145.190</b>

### Framlög til verkefna UN Women

COVID-19 verkefni	19.490.237
Styrktarsjóður SP til afnáms ofbeldis gegn konum	11.500.000
Framlag í kjarnasjóð UN Women	104.814.989
<b>Heildarframlag til verkefna UN Women</b>	<b>135.805.226</b>



## SAMSTARF VIÐ UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

UN Women á Íslandi hefur átt í margra ára farsælu samstarfi við utanríkisráðuneytið, en rammisamningur þess samstarfs leið undir lok á árinu 2020. Markmið samningsins var að skapa grundvöll fyrir samráð og samvinnu ráðuneytisins og landsnefndarinnar, stuðla að umfjöllun með hugsjónir og markmið UN Women að leiðarljósi, fjalla um þátttöku Íslands á sviði jafnréttismála á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, efla umfjöllun á Íslandi um jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna í þróunarríkjum og efla þátt Íslands í málefnum UN Women.

Samstarfssamningur UN Women á Íslandi við utanríkisráðuneytið fól í sér ómetanlegt fjárframlag ráðuneytisins til UN Women á Íslandi sem gerði landsnefndinni kleift að vekja almenning á Íslandi til vitundar um málefni kvenna og stöðu í þróunarlöndum og neyð, kynjajafnrétti, valdeflingu kvenna og afla fjármuna til verkefna UN Women um allan heim. Stuðningur utanríkisráðuneytisins við landsnefndina á þessum fyrstu tíu árum UN Women er ein ástæða þess að landsnefndin hefur árum saman sent hæsta fjárframlag allra tólf landsnefnda UN Women á heimsvísu til verkefna UN Women og er þá ekki miðað við höfðatölu. Sá styrkur og stuðningur sem fékkst frá utanríkisráðuneytinu gerði landsnefndinni kleift að skipuleggja starf sitt til nokkurra ára með fyrirsjáanleika að leiðarljósi og því hvaða verkefnum landsnefndin gæti sinnt hverju sinni.

UN Women er ein af fjórum áherslustofnunum í fjölbjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands. Á árinu 2020 nam heildarframlag utanríkisráðuneytisins til UN Women rúmlega 356 milljónum króna og hækkaði um 32% á milli ára. Veitt var kjarnaframlag til UN Women sem nam 134 milljónum króna sem er starfi stofnunarinnar afar mikilvægt til áframhaldandi

uppbyggingar. Kjarnaframlagið tryggir UN Women svigrúm til að veita fé til aðkallandi verkefna á átaka- og hamfarsvæðum þar sem bregðast þarf skjótt við. Framlag ráðuneytisins til landsnefndarinnar, UN Women á Íslandi, nam 10 milljónum króna. Utanríkisráðuneytið veitti einnig framlag upp á 17,5 milljónir króna til verkefnis UN Women sem stuðlar að pólitískri valdeflingu kvenna með fjölbreyttum aðgerðum (e. *Women's Political Empowerment and Leadership*), framlag sem nam tæpum 21 milljónum króna var veitt til verkefnis UN Women, Eid bi Eid II í Jórdaníu, starfsemi griðastaða UN Women í Jórdaníu fyrir konur á flóttu, styrkur upp á 27 milljónir króna var veittur til skrifstofu UN Women í Malaví, og framlagi sem nam 65.8 milljónum króna var varið til verkefnis um þróun jafnréttisáætlunar fyrir 1325 (konur, frið og öryggi) í Mósambík. Rúmlega 36 milljóna króna framlagi var varið í verkefni á sviði jafnréttis- og mannúðarmála hjá UN Women í Ankara í Tyrklandi, framlag til skrifstofu UN Women í Palestínu var 21 milljón, auk framlags vegna verkefnis til afnáms ofbeldis á vegum UN Women í Afganistan sem nam 10.5 milljónum króna. Einnig voru veittar 13.2 milljónir í verkefnið Kynslóð jafnréttis (e. *Generation Equality Forum*) sem er stærsta vitundarvakningarátak UN Women til þessa, en Ísland leiðir aðgerðabandalag gegn kynbundnu ofbeldi í tengslum við verkefnið.

UN Women á Íslandi þakkar ómetanlegt samstarf við utanríkisráðuneytið og starfsfólk þess í gegnum tíðina. Kynjajafnrétti og barátta fyrir bættum hag kvenna er einn af hornsteinum utanríkisstefnu Íslands. Við vonum svo sannarlega að stuðningur Íslands við UN Women muni halda áfram að vaxa og dafna á komandi árum og að Ísland haldi áfram að láta til sín taka á vettvangi jafnréttismála.

### ***Kynslóð jafnréttis í samstarfi við íslensk stjórnvöld***

Íslensk stjórnvöld sóttust eftir að vera meðal forysturíkja átaksins um *Kynslóð jafnréttis* sem er jafnframt stærsta átaksverkefni sem UN Women hefur ráðist í. Ísland var valið til að leiða aðgerðabandalag um aðgerðir gegn kynbundnu ofbeldi ásamt Bretlandi, Kenýa og Úrúgvæ. Fjögur markmið aðgerðabandalags gegn kynbundnu ofbeldi verða kynnt árið 2021. Verkefnið er leitt af stýrihópi

forsætis- og utanríkisráðuneytisins sem vinnur að samþættingu aðgerða og fer fyrir málflutningi íslenskra stjórnvalda, en starfskonur UN Women á Íslandi taka þátt í þeirri vinnu sem áheyrnarfulltrúar. UN Women á Íslandi er stolt af því að íslensk stjórnvöld hafi kosið að leiða jafn mikilvæga vinnu og að uppræta þann heimsfaraldur sem kynbundið ofbeldi er.



UN Women/Janarbek Amankulov

## OVERVIEW

### **Monthly donations**

To be able to carry out the work of increasing gender equality and to empower women, UN Women Iceland relies solely on voluntary contributions from the public in the form of monthly donations and grants from the private and public sector. The number of monthly donors, which are the heart of the NCI, continue to be the organization's main fundraising source and has increased steadily since 2009. During the year 90% of the National Committee's contribution to projects was raised with monthly donations.

To be able to provide support to women where the need is greatest, 92% of the contributions were spent on core contributions that fund the bedrock of UN Women's programmes. A large part of the core funding was spent on mitigating the specific effects of COVID-19 on women and girls, by for example supporting women in Beirut, Lebanon, who are suffering from the effects of COVID-19, the deep-rooted economic crisis, and the aftermath of the August 4 bombing, as well as special quarantine shelters for victims of domestic violence across Africa. The NCI also continued its support to the United Nations Trust Fund to End Violence against Women.

During the year, more than 1.500 people signed up as monthly donors, people of all ages, living in all parts of the country. This year men were prominent in the group of new monthly givers, totaling 40% of them. Our loyal monthly donors continue to enable the NCI to send the highest total contribution of all National Committees, to projects supported by UN Women all over the world.

Effective communication with NCI's monthly donors is a

priority. They regularly receive information from the National Committee; whether it is through a phone call, e-mail or other means, where they receive information about UN Women's work, the struggle for true equality and women's rights as well as important milestones. Last but not least, they are thanked for their important role in the fight for a better world for women and girls.

### **Symbolic gifts**

In November the NCI introduced three new symbolic Christmas gifts. The sale exceeded expectations, individuals and companies bought close to 1,800 gifts worth almost 6 million ISK. Electronic sales increased significantly due to COVID-19, but almost two thirds of buyers chose to have the gift sent electronically instead of a traditional gift certificate.

### **FO campaign**

Since 2016, UN Women Iceland has successfully sold FO beanies in support of UN Women projects that focus on eliminating gender-based violence. This year brand new merchandise was introduced, the FO shirt. The FO shirt turned out to be a hit, to say the least, it sold out in just over two days, but the shirt was produced in a limited edition. Around 12 million ISK was raised for UN Women's projects in Lebanon.

### **COVID-19 fundraising campaign**

Since the beginning of the COVID pandemic, UN Women Iceland has placed great emphasis on meeting the harmful effects of COVID-19 on women and girls. The NCI

immediately responded to the situation and launched a campaign in the spring. In doing so, the National Committee wanted to convey information on the specific impact that COVID-19 has on women as well as raise funds for COVID-19 related activities. The campaign, which took place mainly on social media, encouraged the public to support UN Women by sending the text message WOMEN to the number 1900 or by buying a hygiene kit for Syrian women in the Zaatari refugee camp in Jordan. Last but not least, UN Women successfully launched a telemarketing campaign on the shadow pandemic of COVID-19, where around hundred new monthly donors signed up.

### **One Billion Rising**

The NCI celebrated One Billion Rising for the eight time where many people all around the country danced against gender-based violence. The largest event took place in Harpa Concert Hall in Reykjavík, but smaller events were also held in twelve towns across the country.

### **Climate Justice**

Thanks to a grant from the Icelandic Climate Fund, the NCI launched a new educational website and an interactive questionnaire on climate change and its effects on women and girls, in October. In the survey, participants could test their knowledge of the issue.

### **Workplace and School Visits**

The NCI communication team and youth council carry out important promotional work within companies, organizations, schools and at various events on issues concerning women, equality, the fight for justice and women's rights around the world. UN Women Iceland, has over 23 thousand social media followers on Facebook, and has Instagram and Twitter pages as well, the website unwomen.is in addition to writing articles and through media coverage. Despite the restrictions due to the pandemic, the NCI's powerful youth council turned the challenge into an opportunity and held close to forty presentations on Zoom, in primary and secondary schools nationwide, on UN Women's work. An educational group consisting of five young men was also set up consisting of five young men with the aim of making sure that each school presentation of the Youth Council consists of both a girl and a boy in their efforts to engage boys in gender equality.

### **Conference on Equal Rights Affairs**

The annual award for Gender Equality in the workplace took place for the seventh time at a virtual event. Together with UN Women Iceland, the Ministry of Industry and Innovation, the Confederation of Icelandic Employers, Festa - Center for Social Responsibility and the University of Iceland as the hosts of the awards. The company Sjóvá received the award this year, but Pink Iceland also received a special Innovation Award. It was in the hands of Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, Minister of Tourism, Industry and Innovation,



to present the award. Many good steps have been taken in the Icelandic business sector, in the interest of gender equality in recent years. As a result, UN Women in Iceland has made the decision to withdraw from this co-operation and hand over full implementation to the Confederation of Icelandic Employers and the University of Iceland.

### **Generation Equality**

The Icelandic government sought to be one of the leaders in a worldwide campaign, Generation Equality, which is also the largest campaign launched by UN Women. Iceland was elected to lead an action coalition on actions against gender-based violence, along with the United Kingdom, Kenya and Uruguay. The four goals of the action coalition against Gender-Based Violence will be announced in 2021. The project is led by a steering group of the Prime Minister's Office and the Ministry for Foreign Affairs, which works on the integration of actions and advocates for the Icelandic government. Two NCI's employees take part in the work as observers. UN Women in Iceland is proud that the Icelandic government has chosen to lead such an important work to eradicate the pandemic that gender-based violence is.

### **Government Support**

The Icelandic National Committee has for the past years had a good and successful co-operation with the Ministry for Foreign Affairs, through a framework agreement which came to an end in 2020. The aim of the agreement was to create basis for consultation and co-operation between the Ministry and the National Committee, discuss Iceland's participation in the field of gender equality at the United Nations, strengthen Iceland's coverage of gender equality and the empowerment of women in developing countries, and strengthen Iceland's participation in UN Women's work. UN Women Iceland thanks the invaluable cooperation with the Ministry for Foreign Affairs and its staff throughout the years.

# VIÐ ERUM UN WOMEN Á ÍSLANDI...



F.v. Snædís, Marta, Krista, Stella, Elsa, Hekla, Sara.

## Starfskonur UN Women á Íslandi 2020

Framkvæmdastýra: Stella Samúelsdóttir

Fjáröflunarstýra: Snædís Baldursdóttir

Kynningarstýra: Marta Goðadóttir

Rekstrarstýra: Elsa Kristjánsdóttir (lét af störfum í febrúar)

Sérfræðingur í stafrænni miðlun: Hekla Elísabet Aðalsteinsdóttir

Sérfræðingur á kynningarsviði: Sara McMahon

(í fæðingarorlofi frá september)

Fjáröflunar- og bókunarfulltrúi: Krista María Finnbjörnsdóttir

Aðalfundur UN Women á Íslandi 2020 fór fram í Miðstöð Sameinuðu þjóðanna á Íslandi þann 29. apríl en í ljósi aðstæðna var aðalfundur samtakanna í formi fjarfundar. Breytingar urðu á stjórn samtakanna og voru þeir Kristján Hjálmarsson, Ólafur Elínarson og Ólafur Þ. Stephensen kosnir í stjórn til næstu tveggja ára. Þess ber að geta að sá síðastnefndi snéri aftur í stjórn UN Women Íslandi eftir þriggja ára hlé. UN Women á Íslandi þakkar Magnúsi Orra Schram, Ólafi Stefánssyni og Erni Úlfari Sævarssyni fyrir vel unnin störf en þeir létu af sæti í stjórn á fundinum.

## Stjórn UN Women á Íslandi 2020-2021

Formaður: Arna Grímsdóttir

Varaformaður: Fanney Karlsdóttir

Gjaldkeri: Kristín Ögmundsdóttir

Stjórnarmeðlimir: Bergur Ebbi Benediktsson, Kristján Hjálmarsson, Ólafur Elínarson, Ólafur Þ. Stephensen, Sigríður Þóra Þórðardóttir, Soffía Sigurgeirsdóttir og Þórey Vilhjálmsdóttir.



## ÞAKKIR

Anna Maggý  
Anna Steinsen  
Aldís Amah Hamilton  
Baldur Már Arngrímsson  
Birta Rán  
Brauð & co.  
DJ Margeir  
Dóra Dúna  
Elísabet Ormslev  
Eliza Reid  
Guðrún Ýr Eyfjörð  
Hildur Yeoman  
Hera Björk  
Íslandsbanki  
Landsbankinn  
Landsvirkjun

Litróf – Umhverfismáttvöð prentsmiðja  
Ljósmyndaskólinn  
Matthildur  
Rafiðnaðarsamband Íslands  
Reitir fasteignafélag hf.  
Sigríður Beinteinsdóttir  
Sigríður Thorlacius  
Sísý Ey og Ellen Kristjáns  
Sjálfbóðaliðar  
Sjóvá  
Sólborg Guðbrandsdóttir  
Starfsfólk Hörpu  
Tara Mabee  
Ungmennaráð UN Women á Íslandi  
Vodafone



Laugavegi 77, 4. hæð

105 Reykjavík

Sími 552 6200

[www.unwomen.is](http://www.unwomen.is)